

Þriðjudaginn 21. janúar 1975.

Nr. 139/1974. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Gunnari Jónssyni

(Sigurður Helgason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Svein-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Nytja-
stuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði sé sann-
ur að sök um það atferli, sem ákæra í málinu lýtur að, og er
háttsemi hans réttilega færð til refsíákvæða, svo sem ákæru-
skjal er úr garði gert. Í Hæstarétti eru lögð fram gögn um
það, að ákærði hafi hlotið ökuskipteini hinn 16. október 1973,
og var það endurnýjað 4. október 1974. Refsing ákærða þykir
með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveð-
in 15 daga varðhald, en vegna ungs aldurs ákærða þykir rétt
að ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún falla
niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt
skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4.
gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Rétt þykir að svipta
ákærða ökuleyfi 1 ár frá 12. mars 1974 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Dæma
ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,
þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000, og
málflutningslaun verjanda síns, kr. 20.000.

Það athugast, að héraðsdómari hefur eigi prófað ákærða
sjálfstætt um sakarefni, heldur einskorðað prófið við að lesa
fyrir honum skýrslu rannsóknarlögreglu. Eru þeir rannsókn-
arhættir andstæðir 77. gr. laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/
1974.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Gunnar Jónsson, sæti varðhaldi 15 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður haldið. Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár frá 12. mars 1974 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000, og málf lutningslaun verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 6. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 20. maí 1974, á hendur Gunnari Jónssyni nema, Hlégarði 8, Kópavogi, fæddum 25. ágúst 1956 í Reykjavík, fyrir að taka í heimildarleysi aðfaranótt sunnudagsins 7. október 1973 bifreiðina R 31739 á bifreiðastæði við Tjarnarbúð í Reykjavík og aka henni undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda eftir Suðurgötu, Kirkjugarðsstíg, Garðastræti og Tryggvagöu og þaðan upp á Vesturgötu, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum við hús nr. 22.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1960.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur ekki sætt kærnum og refsingum áður, svo kunnugt sé.

Málsatvik eru þessi:

Sunnudaginn 7. október 1973, klukkan 0150, kom Ragnheiður Ingólfssdóttir, Safamýri 13, Reykjavík, á lögreglustöðina við Tryggvagötu og tilkynnti, að stolið hefði verið frá henni bifreið-

inni R 31739 frá Tjarnarbúð á tímabilinu frá klukkan 2230 til klukkan 0145.

Er lögreglumenn voru á varðgöngu í Kirkjustræti, klukkan 0235, veittu þeir athygli nefndri bifreið, þar sem henni var ekið fram hjá þeim vestur Kirkjustræti.

Stöðvuðu þeir þegar næstu bifreið og báðu ökumann hennar að aka þeim á eftir bifreiðinni R 31739, og gerði hann það fúslega. Í Garðastræti náðu þeir bifreiðinni og veittu henni eftirför að Vesturgötu 22, en þar náðu þeir að stöðva akstur hennar og höfðu tal af ökumanni hennar. Veittu þeir þá athygli, að áfengisþef lagði frá vitum hans. Báðu þeir hann þá um að stíga út úr bifreiðinni, sem hann og gerði. Er þeir ætluðu að ræða við hann meira, gerði hann sig líklegan til að hlaupast á brott, og urðu þeir að færa hann í handjárn. Var ökumaðurinn og bifreiðin síðan færð á lögreglustöðina. Aðspurður af varðstjóra reyndist ökumaðurinn vera ákærði í máli þessu. Viðurkenndi hann að hafa stolið bifreiðinni R 31739 við Tjarnarbúð fyrr um kvöldið og að hafa ekið henni nokkuð um miðborgina. Hann viðurkenndi einnig að hafa drukkið áfengi fyrir aksturinn og að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ein hurð bifreiðarinnar mun hafa verið ólæst, en til gangsetningar bifreiðarinnar kvaðst ákærði hafa notað naglaþjöl.

Næsta dag skýrði ákærði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík:

„Ég var að drekka í gærkvöldi, og byrjaði ég um kl. 21.00, og var ég þá á gangi í Kópavoginum. Síðan fór ég til Reykjavíkur, og var ég að þvælast um borgina, og var ég með vodka í flösku. Svo var það, að ég kom að bifreiðastæði við Tjarnarbúð, að mér datt í hug að taka bifreið traustataki, og þegar ég kom að bifreiðinni R 31739, var hún ólæst, og settist ég undir stýri.

Ég notaði naglaþjöl til þess að gangsetja bifreiðina, og síðan ók ég Suðurgötuna, Kirkjugarðsstíg, Garðastræti og að bifreiðastæði við Tryggvagötu. Þar lagði ég bifreiðinni og fór að ganga um miðborgina, en eftir skamma stund fór ég aftur að bifreiðinni og ók af stað.

Það var svo skömmu síðar, að lögreglan stöðvaði mig á Vesturgötunni, og var farið með mig á lögreglustöðina, þaðan sem ég nú kom.

Ég fann til áhrifa áfengis við aksturinn, en ég tel, að ég hafi ekki verið mjög drukkin. Ég hef ekki ökuleyfi og hef ekki öðlast það.

Ég veit ekki, hvað kom mér til að taka þessa bifreið, annað en eitthvað fikt. Ég held, að ég hafi ekki valdið skemmdum á bifreiðinni né öðru í þessum akstri.“

Hinn 1. mars sl. kom ákærði fyrir dóm, og var framburður hans þar í samræmi við lögregluskýrslur. Hann gerði þó þá atugasemd, að hann stöðvaði af sjálfsdáðum, þ. e. a. s. að lögreglan hafi ekki stöðvað hann. Þegar hann stöðvaði, ók lögreglan fram fyrir bifreið hans og stöðvaði þar.

Hinn 12. mars kom ákærði aftur fyrir dóm vegna rannsóknar á meintri tilraun hans til töku og aksturs bifreiðarinnar R 25649 hinn 13. janúar sl. Þar sem ekki er ákært fyrir þessa hegðun í ákæruskjali, þykir ekki þörf á að rekja málavexti varðandi þessa tilraun ákærða. Hins vegar var ákærði í þessu þinghaldi sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, en ökuskírteini ákærða var gefið út 16. október 1973.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, og með gasgreiningu á súlu reyndist vera 0.73% magn alkóhóls í blóðinu.

Niðurstaða.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn í málinu, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsíákvæða. Með tilliti til aldurs ákærða svo og að hann hefur eigi áður sætt refsingu, svo kunnugt sé, og með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 15.000 kr. sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu (sic) dóms þessa.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 5 mánuði frá 12. mars 1974 að telja, en þá var ákærði sviptur ökuréttindum sínum til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Skaðabótakröfur voru ekki hafðar uppi í máli þessu.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði skal frá 12. mars 1974 að telja sviptur ökuleyfi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 21. janúar 1975.

Nr. 166/1974. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Kolbeini Eggertssyni

(Agnar Gústafsson hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi. Ber að staðfesta úrlausn dómsins um sök ákærða og færslu á háttsemi hans til refsíákvæða svo og um ákvörðun refsingar og sviptingar ökuleyfis, enda hefur dómssátt sú, er ákærði gekkst undir hinn 6. desember 1968, ítrekunaráhrif vegna ölvunaraksturs þess, sem ákærði er dæmdur sekur um í máli þessu. Um ákvörðun refsingar vísast til 77. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, kr. 30.000.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Kolbeinn Eggertsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknar-